
VERKLAG

fyrir afhendingar í Bygging

Inngangur

Markmiðið með gerð þessara verklagi er að flýta fyrir afgreiðslu hjá ÞÍ og fækka frávísun mála vegna skráningar í Bygging.

Tilgangurinn er að samræma vinnubrögð þeirra sem koma að afgreiðslu mála í Bygging hjá byggingafulltrúaembættum og tryggja að öll rétt gögn berist til ÞÍ svo hægt sé að afgreiða afhendingar og staðfesta í fasteignaskrá án nokkurra vandkvæða.

Skráningar og matsdeild hefur sett upp verkferla fyrir flesta þætti skráningarafhendingar frá byggingafulltrúaembættum.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Grunnþættir	3
1.1. Skráningartafla.....	3
1.2. Afhendingalisti.....	3
1.3. Vinnugrunnur og afhent gögn.....	4
1.4. Stofnhlutabreyting.....	5
2. Skráning mannvirkja	6
2.1. Nýskráning mannvirkja.....	8
2.2. Breytt stærð mannvirkja.....	8
2.3. Breytt notkun.....	9
2.4. Niðurrif mannvirkja.....	10
2.5. Nýtt byggingarstig.....	11
2.6. Beiðni um breytt matstig.....	12

1. Grunnþættir

1.1. Skráningartafla

Þegar skráningartafla er lesin inn í Bygging þarf að tryggja það að dagsetning rafrænu skráningartöflunnar, birtar stærðir, rýmisnúmer, rúmmál og skiptarúmmál, stemmi við samþykktu skráningartöflu sem á að fylgja aðaluppdráttum sem byggingafulltrúi afhendir, rafrænt eða á pappír, til skráningar hjá fasteignaskrá.

Oft kemur fyrir að hönnuðir eru ekki að hafa fyrir því að breyta dagsetningum á skráningartöflum þótt þær séu í stöðugum breytingum í framkvæmdaferlinu. Oft þarf að leita að rétttri rafrænni töflu sem stemmir við samþykktu aðaluppdrætti og/eða eignaskiptayfirlýsingar þar sem breytingardagsetningu hefur ekki verið breytt í töflu og röng tafla afhent til skráningar hjá fasteignaskrá. Þetta getur bæði orðið tímafrekt ferli fyrir sérfræðinga fasteignaskrár þegar verið er að skrá mannvirki eða eignaskiptayfirlýsingar og getur líka skapað misræmi á stærðum og hlutfalltölum í fasteignaskrá og á samþykktum aðaluppdráttum.

Þess vegna er það áriðandi að sérfræðingar hjá ÞÍ hafi samþykktu skráningartöflu með til samanburðar áður en staðfest er í fasteignaskrána.

Best væri að ítreka við hönnuði skráningartaflna að þeir uppfæri líka dagsetningar á töflum ef um breytingu er að ræða frá áður samþykktum töflum.

Mikilvægt er að skanna inn skráningartöflur sem fylgja aðaluppdráttum, ef samningur hefur verið gerður um rafrænt aðgengi að teikningum, eða senda hana með aðaluppdráttum í pappírformi ef ekki hefur verið gerður samningur við ÞÍ um aðgengi að rafrænum teikningum.

1.2. Afhendingalisti

Mjög gott er að venja sig á að skoða afhendingarlista viðkomandi mannvirkis áður en breytingar eru færðar inn í bygging og lóð afhent til ÞÍ til vinnslu. Í afhendingarlista á að sjást öll byggingarsaga viðkomandi mannvirkis og upplýsingar um allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á landeign eða fasteign. Það kemur stundum fyrir að afhendingar sem þegar hafa verið afhentar áður til ÞÍ og búið að staðfesta í fasteignaskrána eru afhentar aftur. Með því að skoða afhendingarlistann þá má koma í veg fyrir svoleiðis aukavinnslu beggja aðila, byggingarfulltrúa og sérfræðinga ÞÍ.


Afhendingarlistinn á að segja okkur alla sögu landeignar og mannvirkis og allar ákvarðanir vegna breytinga, á landeign/mannvirki/fasteign, eiga að vera rekjanlegar. Þess vegna er svo áriðandi að afhendingatexti frá byggingafulltrúum sýni nákvæmlega hverju er verið að breyta hverju sinni og hvað uppfærsla er í gangi á viðkomandi landeign.

Öll ákvörðunartaka vegna skráningu mannvirkja og/eða landeigna eru á ábyrgð byggingarfulltrúa og verður sýnileiki vegna þeirra ákvörðunartöku að vera á kristaltæru í afhendingartexta í afhendingarlistanum. Ef til dæmis er verið er að breyta byggingarstigi á mannvirki og ekki minnst á það í afhendingartexta en sérfræðingar ÞÍ sjá breytingu á byggingarstigi inn í Bygging þá má búast við því að málið tefjist í vinnslu og því jafnvel vísað frá.

Afhendingarlistinn er mjög gagnlegur á ýmsan máta og er mikið notaður af sérfræðingum fasteignaskráarinnar.

Vinstra megin er listi yfir afhendingar frá byggingarfulltrúa og afgreiðslur mála hjá fasteignaskrá. Hægra megin eru síðan dagsetningar þegar landeign er staðfest í fasteignaskrána. Þegar um er að ræða stofnhlutabreytingar þá fer lóðin til staðfestingar hjá sýslumanni viðkomandi sveitafélags.

Farið er inn í afhendingarlista með að setja músina á viðkomandi landeign og hægri klikka og þá birtis breytingasaga byggingar.



1.3. Vinnugrunnur og afhent gögn

Byggingarfulltrúar hafa eingöngu aðgengi að sínu sveitarfélagi í bygging. Hægt er að fylgjast með stöðu mála í afhentum gögnum hvers sveitafélags fyrir sig. Áriðandi er að fylgjast með reglulega með afhentum gögnum. Ef við frávísunum skráningum þá birtast þær frávísanir í afhentum gögnum hjá viðkomandi sveitafélagi. Og ef farið er í afhendingarlistann þá er hægt að skoða ástæðu frávísunar. Yfirleitt eru frávísanir út af því að fasteignaskrá skortir gögn til að halda áfram með málið. Þess vegna er áriðandi fyrir sveitafélagið að afhending sé með bestu móti.

1.4. Stofnhlutabreyting

Þegar breytingar eru á stofnhluta landeignar eða stofnhluta fasteignar þá fer viðkomandi breyting í biðskrá sýslumanns. Þegar landeign fer í biðskrá þá þarf sýslumaður að staðfesta viðkomandi landeign úr biðskrá og það gerist við þinglýsingu og þegar búið er að þinglýsa þá fyrst birtis nýja skráningin í fasteignaskrá. Í flestum tilfellum þegar um er að ræða stofnhlutabreytingar á landeign/fasteign þá þurfa eigendur eða sveitafélag að fara með skjal/skjöl til sýslumanns svo sýslumaður geti þinglýst viðkomandi stofnhlutabreytingum á viðkomandi fasteignir á landeign.

Hvað fer í biðskrá. ✓ rautt hak þýðir að sýslumaður þarf að fá skjal til þinglýsingar með viðkomandi stofnhlutabreytingum til að fasteignaskrá og sýslumaður geta afgreitt málið.

- Ný lóð, ekki til í fasteignaskrá ✓
Landeignanúmer er ekki til í fasteignaskrá
- Stærð landeignar hefur breyst ✓
Verið er að breyta stærð lóðar (lóðarmarkabreyting) skiptir ekki máli hve lítil stærðarbreytingin er.
- Samruni landeigna ✓
Landeign felld niður og hún sameinast annarri.
- Eignaskiptayfirlýsingar, ESK ✓
Eignaskiptayfirlýsingar eru alltaf sendar til sýslumann til þinglýsingar
- Ný fasteign
Stofnuð ný fasteign á landeign (fer eftir eðli málsins hvort þurfi eignaskiptayfirlýsingu)
- Samruni fasteigna ✓
Fasteign felld niður og hún sameinuð annarri fasteign
- Matseining flutt á milli lóða
Ekki sama landeignarnúmer á matseiningu í vinnugrunni og í fasteignaskrá
- Aðaleiningu eytt af fasteign
Matseiningu sem var aðaleining eytt af fasteign í vinnugrunni
- Ný matseining orðin aðaleign, á bara við fjöleignir ✓
Matseining sem ekki er til í fasteignaskrá orðin aðaleign í vinnugrunni
- Eignarhald felld niður eða breytt, gildir bara fyrir fjöleignir ✓
Eignarhald rýmis í fasteignaskrá ekki lengur til í vinnugrunni
Eignarhald rýmis ekki það sama í vinnugrunni og í fasteignaskrá
- Rými bætt við skráningartöflu, gildir bara fyrir fjöleignir ✓
Rými í vinnugrunni er ekki til í fasteignaskrá

2. Skráning mannvirkja

Þegar verið er að afhenda í Bygging þá er áriðandi að afhendingartexti sé skýr og telji upp allar þær breytingar sem verið er að framkvæma. Ef gerður hefur verið samningur við sveitafélagið um aðgengi fasteignaskráar að rafrænum teikningum þá þarf að tryggja það að þær séu skannaðar inn. Ef sérfræðingar fasteignaskráar hafa ekki aðgengi að teikningum eftir að búið er að afhenda landeignina í Bygging þá getur það gerst að landeigninni verði vísað frá. Þannig að reglan ætti að vera sú að ganga frá teikningum svo þær eru aðgengilegar fyrir sérfræðinga fasteignaskrár áður en afhendingin fer fram í Bygging.

Ef fasteignaskráin hefur ekki aðgang að rafrænum teikningum þá þarf að senda stimplað og samþykkt aðaluppdrætti í pósti. Ath. ekki dugar að senda skannaðar teikningar í tölvupósti til fasteignaskráar nema með örfáum undantekningum. Tryggja þarf þá að gæðin á skönnun sé fullnægjandi.

Hluti af aðaluppdráttum er skráningartafla en hún er nauðsynleg til samanburðar við þá rafrænu sem lesin er inn í bygging. Rafræn þjónusta er í mikilli uppsveiflu í dag og hefur fasteignaskráin aðgengi að rafrænum teikningum hjá flestum sveitafélögum. Gæði skannaða teikninga skiptir máli fyrir okkur og líka málsetning teikninga.

Hjúpflatir mannvirkja er stór hluti við áætlun byggingakostnaðar og þurfa því málsetningar teikninga að vera skýrar með tillits til þess.

Þegar verið er að afhenda skráningu í bygging þá þarf að fylla út lýsingar á matshluta og lýsingar á rýmum eftir samþykktum aðaluppdráttum.

207546-01 Matshluti - lýsing, Austurkór 3

Austurkór 3 Landnúmer: 207546 Dags. skráningartöflu
Kópavogur Mhl. númer: 01 19.09.2008

Opna Excel
Excel gögn
Skrifa skráningu Reikna

Afstaða 1: Sérstætt/Einb. Hæðir 3
Undirstöður 1: Steyptir sökkjar Kjallarahæðir 1
Botnplata 1: Steypt á fyllingu Fj.séreigna 8
Milliplötur 1: Steypt Fj.íbuða 8
Þakvirki 1: Steypt plata Byggingarstig 1: Byggingar/frk.v.leyfi
Útveggir 1: Steypa Dags. byggingarstigs 03.10.2008
Burðargrind 1: Steypa Matsstig 1: Byggingar/frk.v.leyfi
Upph.veita 1: Hitaveita Dags. matsstigs 8.12.2008
Upph.kerfi 1: Miðstöð Byggingarár
Fráveita 1: Almenn fráveita Lyftur 0 Staðfesta

Mannvirki Lýsing

Matshluti Hæðir Rými Sameign sumra Samantekt Eignarhlutar

Skoða í Fasteignaskrá Til baka

207546-01 Rými - lýsing, Austurkór 3

Austurkór 3 Landnúmer: 207546 Dags. skráningartöflu
Kópavogur Mhl. númer: 01 19.09.2008

Opna Excel
Excel gögn
Skrifa skráningu Reikna

Rými	Íb/Ím	Texti	Mstig	Mstig dags	Bstig	Bstig dags	Stofur	Herb	Eldhús	Geymsl	Pv.hús	Badhrb	Baðkar	Sturta	Klósett
0010	7	Inntaksrými	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0011	7	Tæknirými	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0012	7	Pvottaherbergi	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	1	0	0	0	0
0101	1	Íbúð	1	08.12.2008	1	03.10.2008	1	1	1	1	0	1	0	1	1
0102	1	Íbúð	1	08.12.2008	1	03.10.2008	1	1	1	0	0	1	0	1	1
0103	1	Íbúð	1	08.12.2008	1	03.10.2008	1	1	1	1	0	1	0	1	1
0104	1	Íbúð	1	08.12.2008	1	03.10.2008	1	1	1	1	0	1	0	1	1
0105	7	Anddyri	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0106	7	Hjól.vagnag.	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0107	7	Anddyri	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0108	7	Hjól.vagnag.	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0109	7	Stigahús	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0110	7	Stigahús	1	08.12.2008	1	03.10.2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0201	1	Íbúð	1	08.12.2008	1	03.10.2008	1	1	1	0	0	1	0	1	1

Stærðir Aðhugasemdir Lýsing

Matshluti Hæðir Rými Sameign sumra Samantekt Eignarhlutar

Skoða í Fasteignaskrá Til baka

2.1. Nýskráning mannvirkja


Þegar verið er að nýskrá mannvirki á óbyggða lóð þá þarf að lesa skráningartöfluna inn í matshlutann sem þegar er fyrir á lóð. En á óbyggðum lóðum eru nú þegar komin matshlutanúmer og fasteignanúmer sem er þinglýsingarandlag eignarinnar.

Myndband sem sýnir hvernig skráningartafla er lesin yfir landréttindi er hægt að finna hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=zKOpXYV6o9w&t=4s>

Gögn með afhendingu:

Samþykktir og stimplaðir aðaluppdrættir. Hluti af byggingarnefndarsetti er skráningartaflan sjálf en hún er nauðsynlegur hluti af skráningarferlinu hjá ÞÍ en hún er notuð til að fullvissa okkur um að skráningartaflan sem lesin er inn í bygging stemmi við samþykkar stærðir byggingarfulltrúa. Með því að bera saman þau gögn komum við í veg fyrir misræmi í birtu flatarmáli þar sem það kemur oft fyrir að breytingar eru á skráningartöflum í hönnunarferlinu. Hönnuðir ættu að uppfæra dagsetningar á breyttum skráningartöflum svo auðveldara sé að halda utanum allar breytingar.



Útskýringarmynd:

Afhendingartexti verður að vera skýr. Ef byggingarstig nýskráningar er annað en 1 þá taka það fram í texta.

2.2. Breytt stærð mannvirkja.

Viðbyggingu er ekki hægt að skrá fyrr en framkvæmd er komin í byggingarstig 4. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að það myndist misræmi á skráningu í fasteignaskrá og raunveruleikanum því oft taka framkvæmdir langan tíma eða jafnvel hætt við framkvæmdir af ýmsum ástæðum. Þegar um viðbyggingu við mannvirki er að ræða þá ákveður byggingarfulltrúi hvort breyta eigi byggingarári byggingar en yfirleitt eru viðbyggingar ekki stórvægilegar og venjulega er afskriftarárið hjá ÞÍ ekki uppfært nema um verulega viðbyggingu sé að ræða og jafnvel endurbyggingu á eldri hluta mannvirkisins.

Byggingastigið á matshlutanum ætti venjulega að halda sér í byggingarstigi 7 enda löngu komin lokaúttekt á eldri hluta byggingarinnar. Aftur á móti þegar um verulega breytingu er að ræða, td. stór viðbygging í hlutfalli við eldri byggingu og jafnvel endurbyggingu á eldri hluta byggingar þá er alltaf möguleiki á því að setja matstig 9 á mannvirkið vegna framkvæmdanna. En matstig 9 þýðir að mannvirkið sé í endurbyggingu og er metið tímabundið á við mannvirki í fokheldisástandi.

Ef viðbygging er gerð við fjöleignarhús (fleiri en ein fasteign á lóð) þá þarf að afhenda ÞÍ nýja eignaskiptayfirlýsingu vegna breyttra stærða áður en skráning er framkvæmd. Fasteignaskráin þarf að stemma við þinglýst gögn.

Útskýringarmyndir: Dæmi um afhendingartexta vegna viðbyggingar. Ath. ef viðbygging er stór og breyta á byggingarári mannvirkis þá þarf það að koma skýrt fram. Breytt byggingarár getur haft stór áhrif á nýtt fasteignamat og brunabótamat ef afskriftarári er uppfært í kjölfarið. Þegar viðbygging er komin í byggingastig 4 og endurbýgging á eldri hluta og byggingarfulltrúi ákveður að yngja upp byggingarárið þá er mannvirkid sett í matstig 9 tímabundið eða þar til að lokaúttekt fer fram.

2.3. Breytt notkun.

Þegar breyta á notkun mannvirkis á lóð þá má ekki gleyma að breyta notkun lóðar í þeim tilfellum sem það á við. Einnig þarf að muna eftir að breyta skattflokki og gjaldflokki. Skattaálagning er á ábyrgð sveitafélagsins.

Ef breyta á notkun einstaka eigna innan matshluta þá gildir það sama með skattflokk og gjaldflokk.

Útskýringarmyndir: Afhendingartextinn verður að vera skýr. Áríðandi er fyrir alla aðila að rekjanleikinn sé til staðar.

2.4. Niðurrif mannvirkja

Ef eyða á út matshluta af lóð vegna niðurrifs mannvirkis þá þarf bara að fara í stofn matshluta og eyða færslu og þá birtist gluggi sem býður upp á að eyða matseiningu og svo matshluta í kjölfarið. Ekki skiptir lengur máli hvort að fasteignanúmer sé í viðkomandi matshluta þar sem fasteignanúmerið er orðið óháð mannvirkinu og verður myndað nýtt matseiningarnúmer fyrir lóðarréttindi sem eiga að vera á lóð ef öll mannvirki eru rifin.

The screenshot shows a software window titled "Matshluti - stofn" with the following fields and controls:

- Greinitala: 0000-01 2583702_
- Skráð: 24.10.2014
- Heiti: Berjarimi 32-36
- Breytt: 24.10.2014 11:40
- Landeignanúmer: L109519
- Skráningaraðili: 0
- Matshlutanúmer: 04
- Fjöldi eignat.: 0
- Skjalanúmer: 0
- Heiti: 1002412 Berjarimi 32-36
- Uppruni: SV: Svinnsla
- Tegund: M:Bygging
- Rými: 2: Notarými
- Gerð: 4
- Texti: Bilskýli
- Skráningaraðferð: 1: Skráningartalla
- Gjaldtaka skráð af notanda (233)
- Á matshluta að koma til gjaldtöku? Já Nei
- Skýring: [Empty text box]

Buttons: Eyða færslu (highlighted), Staðfesta, Til baka.

Bottom navigation bar: Stofn, Uppgjör, Brúttórúm., Uppgjör, Skráning, Afhenda, Vinnugrunnur, Skráning, Skoða, Skoða, Stofnuppl., Senda áfram, Til baka.

Það er líka alltaf hægt biðja sérfræðing fasteignarskrár að eyða út matshluta vegna niðurrifs ef það er tekið skýrt fram í afhendingar texta hvers er verið að óska eftir. Ath. alltaf verður að afhenda í bygging með greinagóðum upplýsingum og líka upp á rekjanleika.

2.5. Nýtt byggingarstig

þegar tilkynna á nýtt byggingarstig (4,5,6 eða 7) þá þarf ekki að taka lóðina í vinnugrunn. Þá skal hægri smella með músinni á þá lóð þar sem uppfæra á byggingarstigið, velja breytt byggingarstig. Með þessari aðferð þá uppfærist byggingarstigið strax í fasteignaskrá og birtist á tilkynningarlista hjá okkur og við uppfærum síðan matstigið eftir honum.

Grunnala	Heiti	L	Flatarmál	Ein.	Mat.	Méta	Notkun	Svarlaustíð	Landnr.
3609-22-53030070	Kviaholt 7	L	666,0 m ²		3.210	28/01/2002	Íbúðarútsaló	Boganes	191114
3609-22-53030080	Kviaholt 8	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191115
3609-22-53030090	Kviaholt 9	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191116
3609-22-53030100	Kviaholt 10	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191117
3609-22-53030110	Kviaholt 11	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191118
3609-22-53030120	Kviaholt 12	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191119
3609-22-53030130	Kviaholt 13	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191120
3609-22-53030150	Kviaholt 15	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191121
3609-22-53030160	Kviaholt 16	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191122
3609-22-53030170	Kviaholt 17	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191123
3609-22-53030180	Kviaholt 18	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191124
3609-22-53030190	Kviaholt 19	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191125
3609-22-53030200	Kviaholt 20	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191126
3609-22-53030210	Kviaholt 21	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191127
3609-22-53030220	Kviaholt 22	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191128
3609-22-53030230	Kviaholt 23	L					Íbúðarútsaló	Boganes	191129

Útskýringarmynd: Ekki er hægt að nota þessa aðferð ef eingöngu á að uppfæra byggingarstig á fáum fasteignum í einu í sama matshlutanum. Þá þarf að afhenda lóðina á hefðbundinn hátt til ÞÍ og innslá nýtt byggingarstig hjá viðkomandi eignum og rýmum í þeirra eigu.

ATH að breytingar gerðar á byggingarstigi hér eru framkvæmdar beint á Fasteignaskrá

ATH að breytingar gerðar á byggingarstigi hér eru framkvæmdar beint á Fasteignaskrá

Listi yfir byggingarstig

- Byggingar/frkv. leyfi
- Undirstöður
- Burðarviki reist
- Fokh. bygging
- Tilb. til innr
- Fullg. án lóðarfrg.
- Fullg. notaain.

2.6. Beiðni um breytt matstig

Hægt er óska eftir breyttu matstigi á mannvirkjum til hækkunar fasteignamats. Er þetta notað í þeim tilfellum þegar td. er vitað að mannvirki er tekið í notkun en lokaúttekt hefur ekki farið fram. Matstiginu er þá breytt í samræmi við byggingarstigið. Ef byggingarstig er td. 4 þá er matstigið uppfært í 8-1. Þegar ÞÍ fær tilkynningu um að mannvirkið sé tekið í notkun þá fer málið í feril sem er brunabótamat að frumkvæði ÞÍ. Eigendur fá þá tilkynningu frá fasteignaskránni að þeir hafa 4 vikur til að panta brunabótamat. Ef eigendur verða ekki við áskorun ÞÍ þá er framkvæmd hraðskoðun til ákvörðunar nýs fasteigna og brunabótamats.

Matsstig 8 (ekkert aukamatsstig) Mannvirki / notkunareining ekki fullklárað(uð) en tekið í notkun: Lítið er eftir til að mannvirkið teljist fullklárað. (samsvarar byggingarstig

Matsstig 8-1 Mannvirki / notkunareining ekki fullklárað(uð) en tekið í notkun: Ástand eignar sambærilegt og eign sem er tilbúin undir tréverk.

Matsstig 8-2 Mannvirki / notkunareining ekki fullklárað(uð) en tekið í notkun: Frágangur húsnæðis stutt kominn, td. ófrágengið að utan, án gólfefna, loftklæðningar og lármark innréttinga.

Matsstig 8-3 Mannvirki / notkunareining ekki fullklárað(uð) en tekið í notkun: Frágangur húsnæðis að mestu búinn, td. eftir að ganga frá gólfefnum og þakbrúnum.

Vestarfélag	Lnr.	Heiti	Hóður	IG	Flatarmál	Ein.	Nvínscatla	Notk.
arðabær	L118942	Kjarrmór 6		L	241,0 m ²	0,0000	10	
arðabær	L176970	Vesturhraun 3		L	7.852,0 m ²	0,0000	20	
ítanes	L123227	Skólasvæði		L	25.220,0 m ²	0,2193	30	
sfnarfjórður	L203422	Einhella 5		L	4.955,5 m ²	0,5000	20	
sfnarfjórður	L120567	Hraunvangur 1-7		L	25.979,5 m ²	0,0000	10	
sfnarfjórður	L121052	Hringbraut 32		L	591,0 m ²	0,0000	10	
sfnarfjórður	L121092	Hringbraut 74		L	311,7 m ²	0,0000	10	
sfnarfjórður	L121101	Hvaleyraþraut 3		L	3.114,9 m ²	0,0000	20	
sfnarfjórður	L121123	Hvaleyraþraut 39	35340	L	4.507,7 m ²	0,0000	20	
sfnarfjórður	L120929	Hólsbraun 2		L	2.738,6 m ²	0,8103	20	
sfnarfjórður	L174303	Lindarberg 84		L	534,3 m ²	0,0000	10	
sfnarfjórður	L119949	Áltholt 56		L	3.857,6 m ²	0,0000	60	
osfeltsbær	L210561	Laxalunga 1		L	800,8 m ²	0,3158	10	
osfeltsbær	L124255	Lerkibýggð 5		L	1.567,6 m ²	0,1563	10	
osfeltsbær	L196361	Tröllateigur 19-28		L	7.422,2 m ²	1,0650	10	
osfeltsbær	L212831	Uglugata		L	0,3000	10		
ósarhreppur	L126203	Hlíð 11		L	0,0000	60		
flavík	L128460	Bergveg		L	0,0000	10		
arðvík	L129307	Brekka		L	0,0000	10		
arðvík	L201371	Lómaþor		L	3,1003	10		
ibú	L214199	Bogabær		L	0,0000	10		
ibú	L214500	Bogabær		L	0,0000	10		

Útskýringarmyndir: Hér til hliðar er hægt að sjá hvernig beiðni um breytt matstig fer fram. Ef um fjöleignarhús er að ræða og eingöngu einstakar eignir innan þess sem á að fá matstig 8 þá verður að afhenda lóð í Bygging.

The screenshot shows a software interface with a table of properties and a dialog box for changing the matstig (building stage). The table lists properties with columns for Vestarfélag, Lnr., Heiti, Hóður, IG, Flatarmál, Ein., Nvínscatla, and Notk. The dialog box, titled "Veldu það matsstig sem óskað er eftir", contains a list of matstig options: 0: Úthlutað, 1: Samþykkt, 2: Botnplata, 3: Rísir bygging, 4: Fokhelt, 5: Tilb. til innrétting, 6: Án lóðarrágangs, 7: Fullgert, 8: í notkun, 9: í endurbyggingu, N: Byggingaréttur, U: Leyfi útrúnið. The dialog box also has a "Til baka" button.